



NEYTENDASTOFA

Ákvörðun nr. 7/2011

Ákvörðun um afturköllun kveikjara með óhefðbundið útlit

I.

Málsmeðferð

Neytendastofu barst ábending þann 1. febrúar 2011 um að kveikjarar með óhefðbundið útlit, á ensku nefndir „Novelty“ kveikjarar, væru til sölu á útsöllumarkaði að Ármúla 17, Reykjavík. Við meðferð málsins kannaði Neytendastofa meðal annars fyrirtækjaskrá Ríkisskattstjóra og samkvæmt fengnum upplýsingum verður ekki annað séð en að útsöllumarkaðurinn að Ármúla 17, Reykjavík, starfi á vegum fyrirtækisins Grísinn ehf. og skráður ábyrgðaraðili sé Valur Benjamín Bragason. Í ákvörðun þessari verður hér eftir vísað í Grísinn.

Þann 2. febrúar sl. fór starfsmaður Neytendastofu á áðurnefndan útsöllumarkað að Ármúla 17, Reykjavík og sótti fjögur ólík eintök af kveikjurum sem þar voru til sölu. Skoðun á kveikjurunum leiddi í ljós að við fyrstu sýn var ekki augljóst að um kveikjara væri að ræða.

Grísnum var sent málið til umsagnar þann 18. febrúar 2011. Með bréfinu fylgdu myndir af umræddum fjórum tegundum kveikjara. Í bréfinu voru málsatvik reifuð ásamt helstu lagagreinum, m.a. 3. gr. reglugerðar nr. 619/2008 þar sem segir að markaðssetning, dreifing og sala kveikjara án barnalæsingar og kveikjara með óhefðbundið útlit sem höfða sérstaklega til barna sé bönnuð. Var frestur gefinn til 25. febrúar 2011 til að koma á framfæri sjónarmiðum eða nánari gögnum áður en ákvörðun af hálfu Neytendastofu yrði tekin í málinu. Neytendastofu hafa ekki borist svör frá Grísnum vegna málsins.



II. Niðurstaða

1.

Í máli þessu barst Neytendastofu ábending um að kveikjarar með óhefðbundið útlit væru til sölu á útsölumarkaði að Ármúla 17, Reykjavík, sem rekinn er af Grísnum ehf.

Í 2. gr. reglugerðar nr. 619/2008, um bann við markaðssetningu, dreifingu og sölu kveikjara án barnalæsingar og kveikjara með óhefðbundið útlit sem höfða sérstaklega til barna, er kveikjari með óhefðbundið útlit skilgreindur þannig:

„kveikjari sem höfðar til barna og veldur því að mikil hættu er á að börn yngri en 51 mánaða taki kveikjarann í misgripum og noti við leik, t.d. kveikjari sem lítur úr eins og bíll, farsími, dýr eða vera sem blikkar eða gefur frá sér hljóð. Kveikjari telst hafa óhefðbundið útlit uppfylli hann ákvæði ÍST EN 13869:2002, lið 3.2.“

Í framangreindri reglugerð er að finna skilyrði til markaðssetningar fyrir kveikjara hér á landi.

Í 4. gr. reglugerðarinnar segir m.a. að *“kveikjarar teljast vera öruggir börnum ef þeir eru í samræmi við staðalinn ÍST EN 13869:2002 – sérstaklega hvað varðar málsgreinar 3.1, 3.4 og 5.2.3 í staðlinum eða í samræmi við reglur ríkja utan Evrópska efnahagssvæðisins þar sem sambærilegar kröfur eru gerðar til barnalæsingar.“*

Allir kveikjarar sem markaðssettir eru á Íslandi skulu uppfylla ákvæði um öryggi sem fram koma í reglugerð nr. 619/2008.

Samkvæmt 2. mgr. 3. gr. reglugerðar nr. 619/2008 er markaðssetning, sala eða önnur dreifing kveikjara sem hafa óhefðbundið útlit kveikjara og höfða til barna bönnuð.

Í 4. mgr. 9. gr. a. laga nr. 134/1995, um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu, er kveðið á um skyldu seljanda og dreifingaraðila til að upplýsa Neytendastofu um aðgerðir sem gripið verður til af þeirra hálfu ef þeir vita eða hafa mátt vita að vara sem þeir hafa markaðssett stofni neytendum í hættu og uppfylla ekki kröfur laganna um öryggi vöru.

Einungis er heimilt að markaðssetja örugga vöru sem uppfyllir kröfur laga og reglugerða hverju sinni.

Í því sambandi vill Neytendastofa sérstaklega benda á 8. gr. a. laganna en þar segir:



„Afturköllun merkir hverja þá ráðstöfun sem miðar að því að hættulegri vöru, sem framleiðendur eða dreifingaraðilar hafa þegar afhent eða boðið neytendum, verði skilað.

Að vara sé tekin af markaði merkir hverja þá ráðstöfun sem miðar að því að koma í veg fyrir að hættuleg vara fari í dreifingu eða sé sýnd eða boðin neytendum.“

Samkvæmt 21. gr. laga nr. 134/1995, sbr. og 6. mgr. 9. gr. a. laganna, skulu stjórnvöld, þ.e. Neytendastofa, afturkalla, taka af markaði eða banna sölu eða afhendingu vöru ef ljóst þykir að hún uppfylli ekki reglur og kröfur sem gerðar eru um öryggi vöru enda sé ekki unnt að beita öðrum og vægari úrræðum, hafi framleiðandi eða dreifingaraðili ekki uppfyllt skyldur sínar til afturköllunar vörunnar í samræmi við ákvæði laganna.

2.

Í máli þessu er um að ræða fjóra kveikjara í líki gaskúts, slökkvitækis, gallabuxna og skrúflykils sem að mati Neytendastofu hafa allir óhefðbundið útlit, sbr. ákvæði ÍST EN 13869:2002, lið 3.2 og falla því undir bannákvæði reglugerðar 619/2008.

Að mati Neytendastofu uppfylla auk þess framangreindir kveikjararnir ekki þær öryggiskröfur sem gerðar eru til kveikjara skv. reglugerð nr. 619/2008, sbr. og ákvæði í staðlinum ÍST EN 13869:2002. Markaðssetning, sala og önnur dreifing er því óheimil þar sem kveikjararnir hafa að mati Neytendastofu allir óhefðbundið útlit sem býður þeirri hættu heim að börn sækji í þá, grunlaus um þá hættu er af þeim stafi.

Samkvæmt meginreglum laga nr. 134/1995, ber seljanda og dreifingaraðila að grípa til og gera viðeigandi ráðstafanir í samræmi við ákvæði laganna til að koma í veg fyrir að neytendum sé stofnað í hættu.

Með hliðsjón af framansögðu skal afturkalla framangreinda fjóra kveikjara skv. ákvæði 21. gr. laga nr. 134/1995, sbr. reglugerð nr. 619/2008 og sbr. ákvæði ÍST EN 13869:2002, lið 3.2.

Í tengslum við afturköllun á vörum er Neytendastofu heimilt að skylda framleiðendur og dreifingaraðila til að eyðileggja öll eintök vörunnar með öruggum hætti, sbr. 22. gr. laga nr. 134/1995, ef nauðsyn þykir vegna eðli máls. Að mati Neytendastofu er í ljós leitt að um er að ræða vörur sem brýnt er að verði eytt á tryggilegan hátt. Um eyðingu á þeim vörum sem hér um ræðir gilda ítarlegar reglur sem dreifingaraðila ber að hlíta og færa öll eintök vörunnar til þar til bærs aðila til eyðingar þegar í stað. Upplýsingar og gögn um eyðingu allra eintaka þeirrar vöru sem um ræðir í máli þessu skal senda Neytendastofu að eyðingu lokinni. Með vísan til 22. gr. laga nr. 134/1995 þá leggur Neytendastofu þá skyldu á ábyrgðarmann Gríssins að eyða öllum eintökum af fjórum tegundum kveikjara sem ákvörðun þessi tekur til og senda stofnuninni gögn sem sanna að eyðing vörunnar hafi farið fram.



Grísinn ehf. skal innan 10 daga frá dagsetningu ákvörðunarinnar upplýsa Neytendastofu um þær ráðstafanir sem hann hefur gert í kjölfar ákvörðunar þessarar.

III.

Ákvörðunarorð:

„Neytendastofa með ákvörðun þessari afturkallar og tekur af markaði fjórar tegundir kveikjara með óhefðbundið útlit sem eru í formi gaskúts, slökkvitækis, gallabuxna og skrúflykils samkvæmt ákvæði 21. gr. laga nr. 134/1995, um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu, sbr. reglugerð nr. 619/2008, um bann við markaðssetningu, dreifingu og sölu kveikjara án barnalæsingar og kveikjara með óhefðbundið útlit sem höfða sérstaklega til barna, og sbr. ákvæði ÍST EN 13869:2002, lið 3.2. Grísinn ehf., Krummahólum 19, Reykjavík, rekstraraðili útsölumarkaðar að Ármúla 17, Reykjavík, og ábyrgðaraðili vörunnar, skal gera allar viðeigandi ráðstafanir til að vörunni verði skilað og frekari dreifingu hætt. Upplýsa skal Neytendastofu um aðgerðir þegar í stað sem miða að afturköllun og að varan sé tekin af markaði.

Með vísan til 22. gr. laga nr. 134/1995, um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu, þá leggur Neytendastofa auk þess þá skyldu á ábyrgðarmann Gríssins ehf., að eyða öllum eintökum af fjórum tegundum kveikjara sem ákvörðun þessi tekur til og senda stofnuninni gögn sem sanna að eyðing vörunnar hafi farið fram innan 10 daga frá dagsetningu ákvörðunarinnar.

Ef ekki verður farið að ákvörðun þessari þá má búast við að stofnunin taki ákvörðun um úrræði, sbr. lög nr. 134/1995, um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu.“

Neytendastofa, 5. apríl 2011

Tryggvi Axelsson
Forstjóri

Eva Sigrún Óskarsdóttir